

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 29.6.2022
UST202001-088/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. maí 2020 þar sem áformað var að leggja dagsektir á Grundarfjarðarbæ vegna frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Hrafnkelsstöðum þann 26. júní 2019. Þann 1. apríl 2022 barst úrbótaáætlun vegna frávíkanna.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.4. í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að gera skuli mælingar, magntaka efnispörf, tryggja fjármögnun og framkvæma verkið. Í úrbótaáætluninni er að finna tímasetta áætlun um framangreinda verkliði. Fram kemur að frágangi svæðisins verði lokið og svæðið tilbúið fyrir lokaskoðun Umhverfisstofnunar á vettvangi haustið 2022 eða haustið 2023.**
- 2. Gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.7. og skila skýrslu með niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað. **Skv. úrbótaáætlun hefur Grundarfjarðarbær samið við Stefán Gíslason hjá Environice um reglubundnar mælingar á urðunarstaðnum og skýrslugerð. Skýrslu með niðurstöðum skráninga og öðrum tilskildum upplýsingum vegna ársins 2022 var skilað til Umhverfisstofnunar 9. mars 2022. Umhverfisstofnun fellst á framangreint.**
- 3. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Allur atvinnurekstur, sbr. Viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á aflögðum urðunarstað Grundarfjarðarbæjar sem og urðun á óvirkum úrgangi á nærliggjandi svæði er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekin er án starfsleyfis. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur losun garðaúrgangs á urðunarstaðnum verið hætt og ekki losað þar í framtíðinni. Umhverfisstofnun fellst á framangreint.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið. **Stofnunin leggur sérstaka áherslu á að úrbótum vegna fráviks nr. 1 (frágangur á urðunarstaðnum) verði lokið í allra síðasta lagi fyrir 1. september 2023. Gangi**

framangreint ekki eftir fyrir þann tíma mun stofnunin taka upp þráðinn þar sem frá var horfið varðandi álagningu dagsekta.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 156.500 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur